

2014-15. 144. löggjafarþing.

... mál. Þskj. ...

TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR **um hvernig minnst skal aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands.**

Flm.: stjórnartillaga

Alþingi ályktar, í tilefni þess að árið 2018 er öld liðin frá því að Ísland varð sjálfstætt ríki, frjálst og fullvalda,

a. að á árinu 2018 verði lokið byggingu yfir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem geymir dýrustu djásn íslenskrar sögu og myndar einn mikilvægasta grundvöll íslenskrar þjóðmenningar og íslenskrar tungu og þar með sjálfstæðis þjóðarinnar;

b. að ráðist verði í og lokið við byggingu húsnæðis fyrir Alþingi Íslendinga á svo nefndum Alþingisreit og þar með lokið við áform sem eru jafngömul fullveldi landsins;

c. að reist verði ný Valhöll á Þingvöllum sem falli vel að umhverfinu og taki mið af byggingarsögu á staðnum, Þingvallabænum og gömlu Valhöll;

d. að halda hátíðarfund á Þingvöllum miðvikudaginn 18. júlí 2018 en þann dag fyrir einni öld náðist efnislegt samkomulag milli Íslendinga og Dana um um fullveldi Íslands;

e. að fela ríkisstjórninni að efna til hátíðarhalda 1. desember 2018 þegar öld verður liðin frá því að sambandslögin öðluðust gildi;

f. að fela forseta Alþingis, í samvinnu við forsætisnefnd og formenn þingflokka, að láta taka saman rit um aðdraganda sambandslaganna, efni laganna og framkvæmd þeirra, svo og um inntak þess fullveldis er Ísland öðlaðist að þjóðarétti árið 1918;

Greinargerð.

Árið 2018 verður ein öld liðin frá því að Ísland varð frjáls og fullvalda ríki, sjálfstætt ríki í samfélagi þjóðanna. Samningar í júlí 1918 og gildistaka fullveldisins 1. desember 1918, verða að teljast með allra merkustu viðburðum í sögu þjóðarinnar frá upphafi og því er tvímælalaust mikið tilefni til að minnst þeirra með hátíðarhöldum á árinu 2018.

Þótt raunverulegum afskiptum Dana af málefnum Íslands hafi í raun lokið með heimastjórn, íslenskum ráðherra, íslensku framkvæmdavaldi og þingræði í nútímaskilningi, verður það ekki fyrr en 1918 sem Ísland öðlast sess meðal þjóðanna sem frjálst og fullvalda ríki. Eitt ákvæði í samningum fól í sér að Danir tilkynntu öðrum þjóðum um hina nýju stöðu Íslands. Ísland og Danmörk höfðu sameiginlegan þjóðhöfðingja, konunginn í Kaupmannahöfn, en afskipti hans af íslenskum málum eftir 1918 voru engin, enda framkvæmdu íslenskir ráðherrar vald hans með ábyrgð gagnvart Alþingi. Svo var um samið 1918 að Danir færu að formi til með samskipti Íslendinga við aðrar þjóðir, þ.e. utanríkisþjónustuna, svo og gæslu landhelginnar á



næstu árum. En ljóst var hvar æðsta vald á þeim sviðum lá, hjá Íslendingum sjálfum. Að mörgu leyti var staðar Konungsríkisins Íslands eftir 1918 áþekk þeirri stjórnskipulegu stöðu sem Kanada, Ástralía, Nýja-Sjáland og fleiri samveldisríki búa nú við.

Með þingsályktunartillögunni er stefnt að því að nýbygging yfir Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verði látin marka þau tímamót sem verða 2018, eins konar þjóðargjöf af þessu þýðingarmikla tilefni.

Annar liður þingsályktunartillögunnar snýr að því að á þeim tímamótum sem felast í 100 ára afmæli fullveldisins verði lokið við að reisa byggingu við Alþingi sem hugmyndir voru um að risi fullveldisárið 1918 en ekkert varð af vegna sytrjaldar og fjárskorts. Lengi hafa verið uppi áform um að leysa úr húsnæðisskortri Alþingis en skrifstofur þingsins eru nú í leiguhúsnæði í allmörgum byggingum í grennd við Austurvöll. Athuganir hafa leitt í ljós að talsverð hagkvæmni er í því fólgin fyrir Alþingi og ríkissjóð að reist verði bygging á reit sem þingið hefur til ráðstöfunar og koma þannig allri starfsemi þingsins fyrir í samtengdum byggingum.

Árið 1918 varð Alþingi Íslendinga löggjafi fullvalda ríkis og staða Alþingis hefur frá upphafi verið samtvinnuð sjálfræði þjóðarinnar. Það er því viðeigandi að á 100 ára afmæli fullveldisins verði lokið við áform um uppbyggingu á Alþingisreitnum sem ráðist hefði verið í fullveldisárið 1918 ef fjárhagur landsins og aðstæður hefðu leyft. Á þeim tíma nýttu Háskóli Íslands og Alþingi sameiginlegt húsnæði og ráð var fyrir gert að það fyrirkomulag myndi haldast af hagkvæmnisástæðum. Guðjón Samúelsson var því fenginn til að hanna viðbyggingu við Alþingishúsið sem einnig myndi hýsa starfsemi Háskólans og stúdentagarð. Það fer þar af leiðandi vel á því að nú þegar Íslendingar hafa í heila öld notið þeirra framfara sem fylgdu í kjölfar fullveldis verði lokið við byggingaráformin. Á tuttugustu öld var leyst úr húsnæðisvanda háskólans en með framkvæmdinni yrði Alþingi loks að öllu leyti í eigin húsnæði. Þannig mun eitt fegursta hús Guðjóns Samúelssonar loks rísa, hús í sígildum stíl sem mikil prýði verður að til framtíðar.

Gert er ráð fyrir að haldin verði samkeppni meðal arkitekta um hönnun hússins og tengibygginga að öðru leyti. Þannig fá íslenskir arkitektar samtímans tækifæri til að hanna hús með Guðjóni Samúelssyni. Með því vinna kynslóðir fullveldisstofnunarinnar með kynslóðum samtímans við uppbyggingu til framtíðar. Um leið og horft er til framtíðar er fortíðinni sýnd virðing og draumar fyrri kynslóðar uppfylltir í þágu framtíðarkynslóða.



Frá því að Valhöll á Þingvöllum brann árið 2009 hefur verið til skoðunar að endurbyggja húsið. Upphaflega var Valhöll byggð árið 1898 samkvæmt ákvörðun Alþingis frá árinu áður. Húsinu var svo breytt og byggt við það alloft. Það var lagfært fyrir konungskomuna 1907, flutt, stækkað og breytt fyrir Alþingishátíðina 1930 og endurbætur gerðar á því og það stækkað fyrir lýðveldishátíðina 1944 og landnáms hátíðina 1974. Það er því viðeigandi að ný Valhöll rísi nú í tilefni 100 ára fullveldishátíðar og nýtist við hátíðarhöld á Þingvöllum árið 2018 og síðar.

Auk veitingaaðstöðu og ferðamannamóttöku er gert ráð fyrir að þjóðgarðsvörður og Þingvallanefnd hafi aðstöðu í húsinu, þar verði salur þar sem Alþingi getur haldið fundi við hátíðleg tilefni og aðstaða fyrir sýningahald. Það hvort eða hversu mikið gistirými verður í húsinu ræðst af aðgengi að húsinu. Við hönnun nýrrar Valhallar verður þess gætt að húsið falli vel að umhverfinu og taki mið af byggingarsögu á staðnum, Þingvallabænum og gömlu Valhöll. Jafnframt verður tryggt að náttúra Þingvalla bíði ekki skaða af framkvæmdunum.

Í þingsályktunartillögunni er stefnt að því að að Alþingi haldi, svo sem venja hefur skapast um á hátíðarstundum í sögu þjóðarinnar, þingfund á Þingvöllum. Fundurinn verði haldinn í júlí 2018, og þá miðað við þann tíma ársins þegar sambandslaganefndin sem skipuð var íslenskum og dönskum fulltrúum náðu samkomulagi um frumvarp til dansk-íslensku sambandslaganna og hin raunverulega efnisniðurstaða fékkst, en það var 18. júlí 1918. Er einnig í þessu efni höfðu hliðsjón af því hvenær ársins hentugast er að halda slíkar minningarhátíðir utan dyra á Þingvöllum. Er haft í huga að fundurinn gæti að efni og formi líkst hátíðarfundunum 1974, 1994 og árið 2000, þ.e. að hann færi fram undir berum himni, á þingfundinum afgreiddi þingið mikilvægt málefni, t.d. með þingsályktun, auk almennra hátíðarhalda þann dag á Þingvöllum. Er þá ráð fyrir því gert að þingflokkar sameinist um það málefni sem Alþingi afgreiði á fundinum.

Í tillögunni er ríkisstjórninni jafnframt falið að undirbúa hátíðarhöld í Reykjavík, hugsanlega við Stjórnarráðið, til að minnast þeirra atburða er þar urðu að tilhlutan íslenskra stjórnvalda til að fagna gildistöku sambandslaganna og fullveldis Íslands 1. desember 1918.

Talið er eðlilegt að ríkisstjórnin hafi samráð við félög stúdenta um hátíðarhöld 1. desember 2018, en stúdentar hafa í marga áratugi haldið uppi minningu fullveldis 1. desember ár hvert með samkomum og hátíðarhöldum, ekki síst í Háskóla Íslands.

Loks er forseta Alþingis falið í tillögunni, ásamt forustu þingsins, að láta semja rit um aðdraganda sambandslaganna, samningaviðræðurnar og atburðina sumarið og haustið 1918, svo og inntak þeirra og framkvæmd. Er haft í huga að samningur verði gerður við Sögufélag, sagnfræðinga og lögfræðinga, sem kveðji til fræðimenn er leggi efni til ritsins. Er þá haft í huga að rekja atburðina sagnfræðilega, en jafnframt að gera grein fyrir inntaki hins nýja stjórnarforms, svo og þjóðréttarlegri stöðu Íslands eftir 1918, auk annarra atriða sem við þessa sögu koma.